

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2005

Nr. 239

320

2. mars 2004

AUGLÝSING

(IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

Ísafjarðarbær.

Afla sem úthlutað er á grundvelli byggðakvótaúthlutunar Ísafjarðarbæjar er skylt að vinna í viðkomandi byggðarlagi. Það telst vinna þegar afli er fullunnin í fiskvinnslu með starfsstöð í Ísafjarðarbæ. Þeir sem koma til greina við úthlutun eru krókaafلامarksbátar og aflamarksskip, sem skráð eru í Ísafjarðarbæ 1. janúar 2005.

1. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Ísafjarðarbæjar fyrir 15. mars 2005. Einnig má skila umsókn á netfangið thorleifur@isafjordur.is.
2. Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Hnífsdals samtals 30 þorskígildislestum og til Þingeyrar 60 þorskígildislestum, skal úthlutað samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 960/2004 um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.
3. Úthlutuðum aflaheimildum til Flateyrar 60 þorskígildislestum og til Suðureyrar 60 þorskígildislestum, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á 173. fundi þann 30. desember 2004, verður eingöngu skipt á milli þeirra skipa/báta, sem voru með heimahöfn á Flateyri eða Suðureyri þann 1. janúar 2005. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamark á hvorum stað skal 50% aflaheimilda skipt að jöfnu milli umsækjenda og 50% hlutfallslega miðað við það aflamagn er viðkomandi skip/bátur landaði til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi fiskveiðiárið 2003/2004.
4. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskvinnslu í viðkomandi byggðarlagi, um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok þessa fiskveiðiárs.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta, sem einnig verði unninn í viðkomandi fiskvinnslu og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Við verðlagningu afla skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landssvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.

7. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur, en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.
8. Í síðasta lagi þann 10. ágúst 2005 skulu útgerðir þeirra skipa, sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum, skila inn skýrslu til Ísafjarðarbæjar, um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

2. gr.

Leiðrétting á auglýsingu (II) nr. 136, 2. febrúar 2005: Siglufjörður, felldur er niður loka málsliður 3. tl.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. mars 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings hvítkál í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	07.03.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. mars 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.